

**Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð 27. janúar 2023: Fyrirspurn fulltrúa
Sjálfstæðisflokksins um kostnað við innheimtu hundagjalda – ITR23030007**

Hver er kostnaðurinn sem hlýst af innheimtu hundagjalda? Hversu miklar tekjur hefur borgin af hundagjöldum? Hversu margir hundar eru skráðir hjá borginni og er vitað hversu stór hluti þeir hundar eru af heildarfjölda hunda í Reykjavík?

Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þjónustu Dýrabjónustu Reykjavíkur sem lögð var fram á fundi Menningar- íþróttá og tólmstundaráðs 27. janúar 2023.

Almennt:

Dýrabjónustan veitir þjónustu og sinnir eftirliti vegna hundahalds í borginni í samræmi við hundasamþykkt borgarinnar nr. 355/2022. Auk þess sinnir hún öðrum skyldum borgarinnar vegna málefna dýra m.a. í samræmi við lög nr. 55/2013 um dýravelferð.

Hvað hundahaldið varðar er þjónusta og eftirlit Dýrabjónustunnar ekki aðeins ætluð eigendum hunda, heldur öllum íbúum. Gjaldinu er ætlað að standa straum borgarinnar af kostnaði sem af hundahaldi hlýst og byggir á lögum nr. 7/1998. Kostnaðurinn felst í almennu eftirliti og eftirfylgni, þjónusta vegna reksturs hundasvæða sem og uppbyggingu þeirra, skráningar og meðferðar kvartana, upplýsingagjafar og tryggingarmála svo eitthvað sé nefnt.

Tekjur af hundagjöldum:

Áætlaðar tekjur af hundagjöldum 2023 eru rétt rúmlega 30 mkr. Fullt árgjald á einn hund er nú 15.700 kr. og 10.990 kr. með námskeiðsafslætti (30%). Hundagjöld árið 2022 námu um 24 mkr.

Hætt hefur verið að innheimta skráningargjald sem og hundagjald árið sem hundur er skráður í fyrsta sinn í samræmi við nýja gjaldskrá (156/2023). Er gjaldskrá fyrir hundahald á höfuðborgarsvæðinu öllu í kjölfar þessarar breytingar að mestu samræmd.

Gert er ráð fyrir rúmlega tveimur stöðugildum vegna hundahaldsins sérstaklega, sem er fækkun stöðugilda frá því sem áður var. Þar er fyrst og fremst um að ræða starfsmenn sem sinna eftirliti með hundahaldinu auk hlutastöðu á skrifstofu. Auk þess er um að ræða rekstur bifreiðar og hundageymslu, ábyrgðartryggingu fyrir hunda auk annars rekstrarkostnaðar. Þjónustan er samrekin með Húsdýragarðinum.

Þjónusta og eftirlit vegna hunda var rekin með halla árið 2022, þ.e. hundagjöld nægðu ekki til þess að fjármagna fyrrnefnd stöðugildi, ábyrgðartryggingu auk annars rekstrarkostnaðar.

Kostnaður vegna innheimtu:

Reynslan af innheimtu gjaldanna sýnir að gera megir ráð fyrir vinnu eins starfsmanns á skrifstofu í hálfan mánuð á ári vegna þessa þáttar í starfseminni. Kostnaður vegna innheimtulauna/þóknana var um 100 þkr 2022. Beinn kostnaður við innheimtu hundagjalda er því óverulegur hluti af innheimtum gjöldum - eða um 2-3%.

Fjöldi hunda á skrá:

Fjöldi skráðra hunda í Reykjavík um áramótin 2022-2023 var rétt tæplega 2500 og hefur þeim farið hægt fjölgandi s.l. 2 ár eftir samfellda fækkun árin þar á undan. Raunverulegur fjöldi hunda í borginni er hins vegar óþekktur, en ljóst er þó að hann er mun meiri en þetta. Í skýrslu stýrihóps um málefni gæludýra í borginni frá síðasta kjörtímabili var þessi tala áætluð a.m.k. 10.000 miðað við áætlaðan fjölda á hverja 1.000 íbúa í borgum nágrennalanda. Þegar stikkprufur hafa verið gerðar á hundasvæðum borgarinnar við eftirlit hafa skráðir hundar verið um 20 - 30% hunda sem þar voru.

7.3.2023

Þorkell Heiðarsson - Deildarstjóri